

Morgunblaðið

mbl.is/gagnasafn

Laugardaginn 10. febrúar, 2007 - Innlendir fréttir

Svifrykið vanmetinn þáttur í skipulaginu



[Smelltu til að sjá stærri mynd]

Þrátt fyrir að mælingar á svifryki í Reykjavík á síðustu árum hafi bent til töluverðrar loftmengunar er lítið tillit tekið til hennar í skipulagi skóla og elliheimila. **Baldur Arnarson**

kynnti sér málið.

Sé lítið til staðsetningar elliheimila, skóla og sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu vaknar sá grunur að loftmengun hafi ekki verið ofarlega í huga skipulagsfræðinga þegar ákvörðun um staðarval var tekin, flestar lykilbyggingar eru nærri fjölförnustu umferðaræðunum. Margt hefur hins vegar breyst á undanförunum áratugum, bílaumferðin þyngist ár frá ári, notkun nagladekkja er enn útbreidd og svifrykið fer marga daga ársins yfir hættumörk í Reykjavík.

Því leitaði blaðamaður áhlits lækna og aðila sem koma að skipulagsvinnu í Reykjavík, eina sveitarfélaginu þar sem svifryk hefur verið mælt á kerfisbundin hátt yfir lengra tímabil.

Kom þar margt athyglisvert í ljós. Verkfræðingur sagði umfjöllun blaðsins um loftmengun hafa breytt afstöðu sinni til vægi hennar í skipulagi og lungnalæknir efaðist um staðarval fyrir Hátækni sjúkrahús og umdeilt vegarstæði við Helgafell.

En eins og blaðið hefur rakið á undanförunum tveimur vikum bendir ný bandarísk rannsókn til að mengun frá hraðbrautum hafi skaðleg áhrif á lungnaþroska barna. Þá taldi Hafsteinn Helgason, sviðsstjóri hjá Línuhönnun, í samtali við blaðið mega áætla útfrá reynslu Norðmanna að heilsufarskostnaður vegna svifryksmyndunar frá nagladekkjum á höfuðborgarsvæðinu nemi árlega hundruð milljónum króna.

Læknar sem blaðið ræddi við telja á sama hátt loftmengun langt í frá aukaatriði í skipulagi borgarinnar.

Á hinn bóginn er kostnaðarsamt að reka skóla, þjónustuíbúðir, elliheimili og sjúkrastofnanir og áherslan á gott aðgengi virðist hingað til hafa verið forgangsatriði í skipulaginu. Sú stefna Reykjavíkurborgarar að staðsetja nýjar þjónustuíbúðir fyrir aldraða nærri helstu þjónustukjörnum vitnar um þessa áherslu.

Helgafellsvegur raskar ró Reykjalundarsvæðisins

Magdalena Ásgeirsdóttir, yfirlæknir lungnaendurhæfingar á Reykjalundi, segir aðspurð um starfsemina í Mosfellsdal enga sambærilega endurhæfingu starfrækta á landinu.

Undantekningin sé vísir að henni norður á Kristsnesi á vegum Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar. Hún segir staðsetningu Reykjalundar ákjósanlega, þar hafi hingað til verið ró og friður og lítil umferð. Enda hafi smíðætta af berklum verið ofarlega í huga við staðarvalið.

"Á Reykjalundi eru níu meðferðarsvið," segir Magdalena. "Útiganga í meðferðarskyni er fastur liður allt árið. Göngurnar eru allt frá einum og upp í fjóra kílómetra um svæðið og niður að [Álafoss]kvosinni. Þetta er einstakur staður, við erum nærri höfuðborginni en samt nokkuð einöngruð. Í ljósi þessa hlýtur vegalagning um Helgafell í nokkur hundruð metra fjarlægð að hafa áhrif á loftgæði umhverfisins."

Spurð um afstöðu sína til staðsetningar sjúkrahúsa og elliheimila á höfuðborgarsvæðinu segir Magdalena "bagalegt að allar sjúkraföngunir þurfi að vera miðsvæðis".

"Þær þurfa ekki að vera nærri mestu umferðarmannvirkjunum í borginni. Þegar lungnadeildin á Vífilsstöðum var flutt niður í Fossvog á stórt bráðamóttökusjúkrahús voru sjúklingar settir í umhverfi þar sem er meiri streita og því erfiðara að slaka á. Í þessum hópi er fólk með andnað svo þetta skiptir máli.

Það er einnig vitað að á stilludögum halda sjúklingar með öndunarfærasjúkdóma sig innandyra til að forðast mengunina. Því má segja að önnur staðsetning fyrir hátækisjúkrahúsið hefði verið heppilegri en sú sem fyrirhuguð er hjá flugvelli og umferðaræðum."

Magdalena er þeirrar hyggju að sama eigi við um elliheimili og sjúkrahús, æskilegt sé að þau séu ekki við helstu stofnæðarnar

Umfjöllun blaðsins hafði áhrif

Guðmundur Pálmi Kristinsson, verkfræðingur hjá framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar, hefur tekið þátt í stýrihópi fyrir uppbyggingu húsnæðis fyrir eldri borgara.

Hann segir lítið hafa verið horft til loftmengunar við staðarval á síðustu áratugum og í dag sé fyrst og fremst lítið til þess að slíkt húsnæði sé í nágrenni þjónustukjarna.

Hann nefnir sem dæmi fyrirhugaðar þjónustuíbúðir við Spöngina í Grafarvogi og S-Mjódd, sem verði stutt frá versluninum og þjónustu. Þá séu 250 þjónustuíbúðir við Sléttuveg, vestur af Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Fossvogi, á teikniborðinu og þar sé gert ráð fyrir hljóðmön við Kringlumýrarbraut.

Inntur eftir því hvort ekki sé tímabært að gefa meiri gaum að þætti svifryks í borgarskipulaginu segir Guðmundur umfjöllun Morgunblaðsins að undanförunu hafi vakið athygli hans á loftmengun í borginni.

"Umfjöllunin hefur haft áhrif á mína skoðun að því marki að ég tel að taka þurfi meira tillit til svifryksins," segir Guðmundur. "Það hefur verið lítið svo á að hér væri alltaf rok og rigning sem blési menguninni á haf út en bættar mælingar síðustu ár hafa sýnt að full þörf er á að skoða frekar loftmengunina."

Hafa ekki mikið velt fyrir sér loftmengun í höfuðborginni

Arkitekt og skipulagsfræðingur hjá Reykjavíkurborg sem blaðið ræddi við tóku undir það sjónarmið með Guðmundi að loftmengun hefði fram að þessu ekki verið ráðandi þáttur við staðarval fyrir elliheimili og skóla á höfuðborgarsvæðinu.

Ágústa Sveinbjörnsdóttir, starfandi skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, segir yfirvöld ekki mikið hafa velt fyrir sér loftmengun við staðarval fyrir leik- og grunnskóla.

"Við staðsetningu er horft til þess að það sé stutt fyrir íbúana að sækja skólana," segir Ágústa, sem hefur komið að skipulagsvinnu í nýjum hverfum höfuðborgarinnar. "Götur hafa verið hannaðar með tilliti til hávaðamengunar sem kann að haldast í hendur við loftmengun."

Lilja Grétarsdóttir, arkitekt hjá Skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar, segir að ekki hafi verið horft sérstaklega til loftmengunar í skipulagi höfuðborgarinnar. Hún segist ekki telja að staðsetja eigi byggð fyrir aldraða á öðrum forsendum með hliðsjón af loftmengun en byggð fyrir aðra þjóðfélagshópa. Almenn hafi ekki verið lítið á loftmengun sem vandamál á höfuðborgarsvæðinu.

"Borgin hefur reynt að nýta mannvirki sín sem best og þetta byggð eldri borgara nálægt þjónustukjörnum," segir Lilja. "Grunn- og leikskólar hafa verið staðsettir í góðum tengslum við íbúðabyggð."

Komin af stað umræða

Að frátöldum börnum og eldri borgurum eru þeir einstaklingar sem þjást af öndunarfærasjúkdómum einna viðkvæmastir fyrir menguninni. Þórarinn Gíslason lungnalæknir telur fjögur til sex prósent Íslendinga þjást af astma, sjúkdómi sem veldur því að stór hópur fólks heldur sig innandyra þegar loftmengunin nær hámarki.

Líkt og greint var frá hér í blaðinu þriðjudaginn 30. janúar sýnir ný rannsókn Þórarins og Davíðs Gíslasonar ofnæmislæknis fram á sterka fylgni loftmengunar við heimili og nálægðar við helstu stofnæðar.

Inntur eftir því hvort ekki sé kominn tími til að endurskoða stefnu um staðarval sjúkrahúsa, skóla og elliheimila í ljósi þessara niðurstaðna segir Davíð "mjög skynsamlegt" að grípa til aðgerða gegn menguninni.

"Það er nú komin af stað umræða um hvað sé hægt að gera til að draga úr svifryksmengun," segir Davíð. "Loftmengun hefur áhrif á heilsu barna og eldra fólks og það ætti að taka tillit til þessa í skipulagi, ef ekki er hægt að draga verulega úr henni með aðgerðum. Margir hafa verið þeirrar skoðunar að loftmengun væri aðeins vandamál tvo tíma á ári, í kringum miðnætti á gamlárskvöld."

Hver eru þolmörk mengunar?

Spurður um staðsetningu fyrirhugaðs hátækisjúkrahúss í Vatnsmýrinni í Reykjavík segist Davíð velja því fyrir sér hvað sé hægt að umbera mikla mengun við það sem verði helsta sjúkrastofnun landsins.

Sigurður Þór Sigurðarson lungnalæknir tekur í sama streng en eins og lesendur blaðsins hafa veitt athygli er hann þeirrar skoðunar að svifryksagnir geti skaðað lungun.

Hins vegar yrði t.d. erfitt að aðskilja lungnadeildina í Fossvogi frá annarri starfsemi og staðsetja hana fjarri umferðaræðunum.

Hann er jafnframt sammála Magdalenu um áhrif vegar við Helgafell á sérstöðu Reykjalundar. Hvað varðar staðsetningu elliheimila og skóla er hann þeirrar skoðunar að ekki sé skynsamlegt að staðsetja slík mannvirki við fjölfarnar götur.

"Loftmengun í Reykjavík er óneitanlega vandamál," segir Sigurður, sem bætir við að ekki borgi sig að hræða fólk. Á sama tíma sé brýnt að grípa til aðgerða.

Mengun og heilsa

EINS og sjá má á kortinu eru margar af helstu sjúkrastofnunum höfuðborgarsvæðisins staðsettar nærri umferðaræðum þar sem loftmengunin er hvað mest. Hringirnir tákna mælingarstaði í rannsókn Þórarins Gíslasonar lungnalækni og Davíðs Gíslasonar ofnæmislækni. Þótt ekki hafi verið mælt við Mjóddina eða Hringbraut frá Suðurgötu að Ánanaustum má áætla að mengun sé þar töluverð. Sérstaða Reykjalundar sem sjúkrastofnunar langt frá helstu umferðaræðunum kemur glögg fram en mælingu við Spöngina skortir. Á kortinu er ekki að finna skólastofnanir sem eru fjölmargar á svæðinu séu öll skólastig tekin með í reikninginn.

baldura@mbl.is